



Alþingi
Erindi nr. P 141/1534
komudagur 13.2.2013

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 12.02.2013
Tilvísun: 201301-0039

Efni: Frumvarp til laga um Fjölmiðla (eignarhald, ábyrgðarmenn o.fl., EES-reglur), 490. mál

Alþýðusamband Íslands leggur áherslu á að í frjálsu samfélagi sé það fyrst og fremst gagnsæi á eignarhaldi annars vegar og viðspyrna við fákeppni og óeðlilegri samþjöppun á eignarhaldi sem tryggja heilbrigða samfélagsumræðu. Alþýðusamband Íslands styður því framgang frumvarpsins hvað þessa hluti varðar.

Hvað varðar 9. og 15. gr. frumvarpsins um breytingar á ákvæðum laganna við banni á hatursáróðri, þá styður Alþýðusamband Íslands að sjálfsgöðu alla viðleitni í viðspyrnu gegn slíku með þeim fyrirvara að tjáningarfrelsi fjölmiðla sé meginreglan og heimildir Fjölmiðlanefndar til inngripa og/eða afskipta verði túlkaðar þröngt.

Í ljósi tilkomu frumvarpsins og framangreindrar umfjöllunar vill Alþýðusamband Íslands að fram komi að það telur tilefni fyrir stjórnvöld að ráðast í heildarskoðun á hvernig megi spyrna við hatursáróðri í samfélaginu. Ekki bara þá í fjölmiðlum sem falla undir gildissvið laganna, heldur hefði verið vert að skoða þetta heildstætt og fá inn í þá vinnu skoðun á virkni 233. gr. A í almennum hegningarlögum og jafnframt hvort tilefni væri til að draga svokallaða samfélagsmiðla í þá skoðun.

Virðingarfyllt,

Halldór Oddsson.
Lögfræðingur hjá ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Stofnun 1 • Reykjavík
Sími 525 0800 • Fax 525 0801
www.asi.is • vefur.asi.is